

REGLUGERÐ
um þvingunaraðgerðir varðandi Suður-Súdan.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja:

- a. ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem eru settar á grundvelli 41. gr. VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,
- b. ákvörðunum framkvæmdanefnda þess um þvingunaraðgerðir og/eða
- c. ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, eftir því sem við á.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir öryggisráðsins og framkvæmdanefnda þess eða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

1.	Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/740 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan og niðurfellingu ákvörðunar 2014/449/SSUÖ, fylgiskjal 1.
1.1.	Framkvæmdarákvörðun (SSUÖ) 2015/1118 frá 9. júlí 2015 um framkvæmd ákvörðunar 2015/740 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan, fylgiskjal 2.
1.2	Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/1125 frá 10. ágúst 2018 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2015/740 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan, fylgiskjal 1.2.
1.3	Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/726 frá 31. mars 2023 um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum, sbr. fylgiskjal 1.3.
2.	Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 2015/735 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 748/2014, fylgiskjal 3.
2.1	Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/1112 frá 9. júlí 2015 um framkvæmd 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2015/735 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan, fylgiskjal 4.
2.2	Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2018/1115 frá 10. ágúst 2018 um framkvæmd 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2015/735 um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan, fylgiskjal 2.2.
2.3	Reglugerð ráðsins (ESB) 2018/1116 frá 10. ágúst 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/735 um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan, fylgiskjal 2.3.
2.4	Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/720 frá 31. mars 2023 um breytingu á tilteknum reglugerðum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum, sbr. fylgiskjal 2.4.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á frummáli og/eða til þeirra er vísað á vef öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins, eftir því sem við á. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frýstingu fjármuna.

3. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a. ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins ("EB", "ESB", "Bandalagsins" eða "sameiginlega markaðarins") eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- b. ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
- c. tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- d. tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- e. tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- f. vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: www.utn.is/thvingunaradgerdir.

4. gr.

Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Súdan og Suður-Súdan nr. 626/2014.

- Utanríkisráðuneytinu, 16. september 2015. -

- Gunnar Bragi Sveinsson. -

- Stefán Haukur Jóhannesson. -

FYLGISKJAL 1.
ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/740
frá 7. maí 2015

um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan og niðurfellingu ákvörðunar 2014/449/SSUÖ RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 10. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/449/SSUÖ ⁽¹⁾ þar sem ástandið í Suður-Súdan er enn alvarlegt áhyggjuefni.

2) Hinn 3. mars 2015 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2206 (2015) þar sem það lýsti þungum áhyggjum vegna deilnanna milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Suður-Súdans og herafla stjórnarandstöðunnar allt frá desembermánuði 2013, lýsti áhyggjum vegna hinna miklu mannlegu þjáninga sem leiddi af þeim og fordæmdi harðlega fyrri og núverandi mannréttindabrot og brot gegn alþjóðlegum mannúðarrétti, og vegna þess að fólk hafði neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga í miklum mæli og vegna sívaxandi mannlegs neyðarástands. Öryggisráðið lagði áherslu á að allir deiluaðilar bæru ábyrgð á þjáningum íbúa Suður-Súdans. Ráðið lýsti því einnig yfir að ástandið í Suður-Súdan væri ógnun við frið og öryggi á alþjóðavísu á svæðinu.

3) Í 9. og 12. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2206 (2015) er kveðið á um þvingunaraðgerðir í formi ferðatakmarkana og frystingar eigna, sem beita má gagnvart aðilum og rekstrareiningum sem eru tilgreind af nefnd öryggisráðs SP, sem var stofnsett samkvæmt 16. mgr. í ályktun öryggisráðs SP nr. 2206 (2015) („nefndin“). Í 6., 7. og 8. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2206 (2015) er einnig kveðið á um viðmiðanir vegna tilgreiningar aðila og rekstrareininga sem þær þvingunaraðgerðir, sem settar eru fram í 9. og 12. mgr. þeirrar ályktunar, skulu taka til.

4) Fyrir skýrleika sakir ætti að steypa þeim þvingunaraðgerðum, sem voru innleiddar með ákvörðun 2014/449/SSUÖ og þvingunaraðgerðunum, sem kveðið er á um í ályktun öryggisráðs SP nr. 2206 (2015), saman í einn lagagerning.

5) Því ætti að fella niður ákvörðun 2014/449/SSUÖ til samræmis við það.

6) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út vopn og tengd hergögn af hvaða gerð sem er, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í þau, til Suður-Súdans, eða að slíkt sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem fyrrnefnd tæki og töl eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.

2. Enn fremur er lagt bann við því:

a) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tæknaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu sem tengist þeim hlutum er um getur í 1. mgr. eða því að útvega, framleiða, viðhalda og nota slíka hluti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Suður-Súdan, eða til notkunar í Suður-Súdan,

b) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, fé eða fjárhagsaðstoð, sem tengist þeim hlutum er um getur í 1. mgr., þ.m.t. einkum og sér í lagi styrki, lán og greiðsluvátryggingar vegna útflutnings, auk trygginga eða endurtrygginga vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings slíkra hluta eða sem tengist því að veita tengda tæknaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Suður-Súdan, eða til notkunar í Suður-Súdan,

c) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þær aðgerðir sem um getur í a- eða b-lið séu sniðgengnar.

2. gr.

1. Ákvæði 1. gr. gilda ekki um:

a) sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á óbanvænum herbúnaði sem einungis er til nota í mannúðarskyni, til að hafa eftirlit með mannréttindum eða í verndarskyni eða vegna áætlaðna um stofnanauppbyggingu á vegum Sameinuðu þjóðanna, Afríkusambandsins, Evrópusambandsins eða Milliríkjastofnunarinnar á sviði þróunarmála, eða hergögnum sem eru ætluð til notkunar í hættustjórnunaraðgerðum Sameinuðu þjóðanna, Afríkusambandsins og Evrópusambandsins,

b) sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning farartækja sem ekki eru til notkunar í hernaðaráttökum (e. non-combat vehicle) og hafa verið framleidd með eða búin skotheldri vörn og eru eingöngu ætluð til verndar starfsfólki Evrópusambandsins og aðildarríkja þess eða starfsfólki Sameinuðu þjóðanna,

Afríkusambandsins eða Milliríkjastofnunarinnar á sviði þróunarmála í Suður-Súdan,

c) veitingu tæknaðstoðar, miðlunarþjónustu og annarrar þjónustu sem tengist búnaði eða áætlunum og aðgerðum er um getur í a-lið,

d) veitingu fjármagns og fjárhagsaðstoðar sem tengist búnaði eða áætlunum og aðgerðum, sem um getur í a-lið,

e) sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á búnaði fyrir eyðingu jarðsprengja og á hergögnum til nota við eyðingu jarðsprengja,

f) sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á óbanvænum herbúnaði, sem eingöngu er ætlaður til stuðnings við umbætur á sviði öryggismála í Suður-Súdan, og veitingu fjármagns, fjárhagsaðstoðar eða tæknaðstoðar sem tengist slíkum búnaði, að því tilskildu að slík afhending hafi fengið fyrirframsamþykki lögbærs stjórnvalds hlutaðeigandi aðildarríkis.

2. Ákvæði 1. gr. gilda heldur ekki um hlífðarfatnað, þ.m.t. skotheld vesti og herhjálma, sem starfsfólk Evrópusambandsins eða aðildarríkja þess, starfsfólk Sameinuðu þjóðanna eða Milliríkjastofnunarinnar á sviði þróunarmála eða fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfsfólk hefur flutt tímabundið út til Suður-Súdan, eingöngu til eigin nota.

3. Aðildarríki skulu taka afstöðu til afhendingar samkvæmt þessari grein í hverju tilviki fyrir sig og taka fullt tillit til þeirra viðmiðana sem settar eru fram í sameiginlegri afstöðu ráðsins 2008/944/SSUÖ⁽²⁾. Aðildarríki skulu krefjast viðeigandi trygginga fyrir því að leyfi, sem eru veitt samkvæmt þessari grein, séu ekki misnotuð og gera ráðstafanir til þess að búnaðurinn sé sendur heim þar sem það á við.

3. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari aðilar:

a) sem öryggisráðið eða nefndin hefur tilgreint í samræmi við 6., 7., 8. og 9. mgr. ályktunar öryggisráðs

SP nr. 2206 (2015), sbr. skrána í I. viðauka við ákvörðun þessa,

b) sem falla ekki undir a-lið, sem standa í vegi fyrir hinu pólitíska ferli í Suður-Súdan, þ.m.t. með ofbeldi eða brotum á vopnahléssamningum, og aðilar sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum í Suður-Súdan og aðilar sem tengjast þeim, sbr. skrána í II. viðauka.

2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda ekki aðildarríki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði þess.

4. gr.

1. Þessi grein gildir um aðila sem taldir eru upp í I. viðauka.

2. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. skulu ekki gilda þegar:

a) ferðalög eru réttlæt看anleg af brýnum mannúðarástæðum, m.a. vegna trúarlegrar skyldu, samkvæmt ákvörðun nefndarinnar í hverju tilviki fyrir sig,

b) koma eða gegnumferð er nauðsynleg til þess að meðferð dómstóla geti farið fram,

c) ferðalög myndu þjóna markmiðum um frið og þjóðarsátt í Suður-Súdan og stöðugleika á svæðinu, samkvæmt ákvörðun nefndarinnar í hverju tilviki fyrir sig.

5. gr.

1. Þessi grein gildir um aðila sem taldir eru upp í II. viðauka.

2. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. eru með fyrirvara um þau tilvik þegar aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:

a) sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,

b) sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem SP boða til eða fram fer á þeirra vegum,

c) samkvæmt marghliða samningi þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi eða

d) samkvæmtsÁttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningnum) sem Páfagarður (Ríkið Vatíkanborg) og Ítalía gerðu sín í milli.

3. Ákvæði 2. mgr. teljast einnig gilda þegar aðildarríki er gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).

4. Ráðinu skal tilkynnt um það, með tilhlýðilegum hætti, ef aðildarríki veitir undanþágu skv. 2. eða 3. mgr.

5. Aðildarríki geta veitt undanþágur frá þeim ráðstöfunum, sem eru gerðar skv. 1. mgr. 3. gr., ef ferð er réttlætt af knýjandi mannúðarástæðum eða með þátttöku í fundum alþjóðlegrar milliríkjastofnunar og fundum sem ESB styður eða heldur eða sem haldnir eru í því aðildarríki sem fer með formennsku í ÖSE hverju sinni, þar sem fram fara stjórn málaumræður sem efla með beinum hætti stefnumarkmið þvingunaraðgerða, þ.m.t. lýðræði, mannréttindi og réttarreglu í Suður-Súdan.

6. Aðildarríki, sem óskar eftir að veita undanþágur, sem um getur í 5. mgr., skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþága telst veitt nema einn eða fleiri fulltrúar ráðsins andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga frá því að tilkynningu um fyrirhugaða undanþágu er veitt viðtaka. Hreyfi einn eða fleiri fulltrúar ráðsins andmælum getur ráðið ákveðið, með auknum meirihluta, að veita fyrirhugaða undanþágu.

7. Heimili aðildarríki, skv. 2., 3., 5. og 6. mgr., að aðilar, sem taldir eru upp í II. viðauka, komi inn á yfirráðasvæði sitt eða fari þar um, skal heimildin einskorðast við þann tilgang sem hún er veitt í og við þá aðila sem málið varðar beint.

6. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu eða undir beinum eða óbeinum yfirráðum:

a) aðila eða rekstrareininga sem öryggisráðið eða nefndin hefur tilgreint í samræmi við 6., 7., 8. og 12. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2206 (2015), sbr. skrána í I. viðauka við ákvörðun þessa,

b) aðila sem standa í vegi fyrir hinu pólitíska ferli í Suður-Súdan, þ.m.t. með ofbeldi eða brotum á vopnahléssamningum, og aðila sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum í Suður-Súdan og einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem tengjast þeim, sbr. skrána í II. viðauka.

2. Enga fjármuni eða efnahagslegan auð skal gera, með beinum eða óbeinum hætti, aðgengilega einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum er um getur í I. eða II. viðauka.

7. gr.

1. Þessi grein gildir um aðila og rekstrareiningar sem talin eru upp í I. viðauka.

2. Lögbært stjórnvald í aðildarríki má heimila affrýstingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

a) nauðsynlegur vegna grunnútgjalda, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismeðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

b) einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðipóknun og til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðipjónustu,

c) ætlaður til að greiða þóknarir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna og efnahagslegs auðs.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna nefndinni fyrirfram um að það hyggist heimila, eftir því sem við á, að tilteknir frýstir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrýstur. Veita má leyfi ef nefndin gefur ekki neikvætt svar innan fimm virkra daga frá þess konar tilkynningu.

3. Lögbært stjórnvald í aðildarríki má heimila affrýstingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt nefndinni um þá ákvörðun og að nefndin hafi samþykkt hana.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. mega lögbær stjórnvöld í aðildarríki einnig heimila affrýstingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsveðs og að fjármunirnir eða efnahagslegi auðurinn verði notaður eingöngu til þess að uppfylla skilyrði veðsins eða niðurstöðunnar, að því tilskildu að veðið eða niðurstaðan hafi verið skráð áður en ályktun öryggisráðs SP nr. 2206 (2015) var samþykkt, nánar tiltekið 3. mars 2015, sé ekki í þágu einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráð í I. eða II. viðauka og að hlutaðeigandi aðildarríki hafi sent nefndinni tilkynningu.

5. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. gilda ekki þegar eftirtaldir fjármunir eru lagðir inn á frýsta reikninga:

a) vextir eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða

b) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum, sem urðu til áður en þessir reikningar féllu undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 6. gr.,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr.

6. Ákvæði 6. gr. skulu ekki koma í veg fyrir að tilgreindur einstaklingur eða rekstrareining geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi, sem var gerður áður en slíkur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun var skráð í I. viðauka, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að einstaklingur eða lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í I. eða II. viðauka, veiti ekki fyrrnefndri greiðslu viðtöku með beinum eða óbeinum hætti og eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt nefndinni, eftir því sem við á, 10 virkum dögum áður en slík heimild er veitt, um þá fyrirætlun að inna fyrrnefnda greiðslu af hendi eða veita henni viðtöku eða að heimila að fjármunir, aðrar fjáreignir eða efnahagslegur auður verði affrystur í þessu skyni.

8. gr.

1. Þessi grein gildir um aðila og rekstrareiningar sem talin eru upp í II. viðauka.

2. Lögbært stjórnvald í aðildarríki getur heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra aðila sem taldir er upp í II. viðauka og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknis meðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega þóknun fyrir sérfræðistörf og til að standa straum af útgjöldum vegna veittrar lögfræðiþjónustu,

c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknun eða þjónustugjald fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða umsýslu vegna þeirra eða

d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafi kunngjört lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendur þess að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt þessari málsgrein.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. mega lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimila að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 1. mgr. 6. gr., var skráð í II. viðauka, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Evrópusambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er fullnustuhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag,

b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnd ákvörðun tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrrnefndri ákvörðun, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,

c) að ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er tilgreind í I. og II. viðauka, og

d) að viðurkenning ákvörðunarinnar stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt þessari málsgrein.

4. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. kemur ekki í veg fyrir að tilgreindur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi sem var gerður áður en slíkur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun var tilgreind í II. viðauka, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er tilgreind í I. eða II. viðauka, fái ekki greiðsluna í hendur með beinum eða óbeinum hætti.

5. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. gilda ekki þegar eftirtaldir fjármunir eru lagðir inn á frysta reikninga:

a) vextir eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum,

b) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum, sem urðu til áður en þessir reikningar féllu undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 6. gr., eða

c) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt ákvörðunum dóms, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms sem teknar eru í Sambandinu eða eru fullnustuhæfar í hlutaðeigandi aðildarríki, að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr.

9. gr.

1. Setji öryggisráðið eða nefndin aðila eða rekstrareiningu á skrá skal ráðið fella þann aðila eða þá rekstrareiningu inn í I. viðauka.

2. Ráðið skal, að fenginni tillögu frá aðildarríki eða æðsta fulltrúa Evrópusambandsins í utanríkis- og öryggismálum, taka ákvörðun um að stofna skrána í II. viðauka og gera breytingar á henni.

3. Ráðið skal tilkynna ákvarðanirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., m.a. ástæðu þess að viðkomandi er skráður, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem í hlut á, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

4. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvarðanir sínar og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

10. gr.

1. Í I. og II. viðauka skal tilgreina ástæður þess að aðilar og rekstrareiningar, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 6. gr., eru færð á skrá, eins og öryggisráðið eða nefndin kveður á um að því er varðar I. viðauka og ráðið að því er varðar II. viðauka.

2. I. og II. viðauka skulu einnig koma fram nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til þess að unnt sé að bera kennsl á viðkomandi aðila og rekstrareiningar, eins og öryggisráðið eða nefndin kveður á um að því er varðar I. viðauka og ráðið að því er varðar II. viðauka. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í I. og II.

viðauka komi einnig fram dagsetning tilgreiningar á skrá.

11. gr.

Til þess að þær aðgerðir, sem eru settar fram í ákvörðun þessari hafi sem mest áhrif, skal Evrópusambandið hvetja þriðju ríki til að samþykkja þvingunaraðgerðir í líkingu við þær sem kveðið er á um í ákvörðun þessari.

12. gr.

1. Ákvörðun þessi skal vera í stöðugri endurskoðun. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð, og í ljósi viðeigandi ákvarðana öryggisráðsins.

2. Þær aðgerðir, er um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og b-lið 1. mgr. 6. gr., skal endurskoða reglulega og a.m.k. á 12 mánaða fresti. Þær skulu falla úr gildi gagnvart viðkomandi aðilum og rekstrareiningum ákvarði ráðið, í samræmi við þá málsmæðferð er um getur í 9. gr., að skilyrði fyrir því að grípa til þeirra séu ekki lengur fyrir hendi.

13. gr.

Ákvörðun 2014/449/SSUÖ er hér með felld úr gildi.

14. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 7. maí 2015.

Fyrir hönd ráðsins,

E. Rinkēvičs *forseti*.

(1) Ákvörðun ráðsins 2014/449/SSUÖ frá 10. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan (Stjtið. ESB L 203, 11.7.2014, bls. 100).

(2) Sameiginleg afstaða ráðsins 2008/944/SSUÖ frá 8. desember 2008 um skilgreiningu á sameiginlegum reglum um eftirlit með útflutningi á hernaðarlegri tækni og búnaði (Stjtið. ESB L 335, 13.12.2008, bls. 99).

I. VIÐAUKI

Skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr. og a-lið 1. mgr. 6. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast til listans sem var gerður og er viðhaldið af nefndinni sem var stofnuð samkvæmt ályktun öryggisráðsins 2206 (2015) varðandi Suður-Súdan (http://www.un.org/sc/committees/2206/sanctions_list.shtml), sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

II. VIÐAUKI

Skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og b-lið 1. mgr. 6. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í II. viðauka við ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/740 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan og niðurfellingu ákvörðunar

FYLGISKJAL 2.
FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN (SSUÖ) 2015/1118
frá 9. júlí 2015

um framkvæmd ákvörðunar 2015/740 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan

Viðaukinn við ákvörðun þessa kemur í stað I. viðauka við ákvörðun 2015/740/SSUÖ. Eftirfarandi nöfn eru felld úr II. viðauka við ákvörðun 2015/740/SSUÖ.

1. Santino DENG
 2. Peter GADET
- (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr. og a-lið 1. mgr. 6. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast til listans sem var gerður og er viðhaldið af nefndinni sem var stofnuð samkvæmt ályktun öryggisráðsins 2206 (2015) varðandi Suður-Súdan (http://www.un.org/sc/committees/2206/sanctions_list.shtml), sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.“

FYLGISKJAL 3.
REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) nr. 2015/735
frá 7. maí 2015
um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan
og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 748/2014

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr., með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni, og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 748/2014 ⁽¹⁾ er komið í framkvæmd ákvörðun ráðsins 2014/449/SSUÖ ⁽²⁾ þar sem kveðið er á um aðgangstakmarkanir og frýstingu fjármuna og efnahagslegs auðs aðila sem standa í vegi fyrir hinu pólitíska ferli í Suður-Súdan, þ.m.t. með ofbeldi eða brotum á vopnahléssamningum, sem og aðila sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum í Suður-Súdan.

2) Hinn 3. mars 2015 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2206 (2015) þar sem kveðið er á um aðgangstakmarkanir og frýstingu fjármuna og efnahagslegs auðs tiltekinna aðila sem bera ábyrgð á, eru samsekir í eða hafa tekið beinan eða óbeinan þátt í aðgerðum eða stefnum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Suður-Súdan.

3) Með ákvörðun (SSUÖ) 2015/740 ⁽³⁾ ákvað ráðið að fella þvingunaraðgerðir, sem kveðið er á um í ályktun öryggisráðs SP nr. 2206 (2015), og þvingunaraðgerðir, sem voru innleiddar með ákvörðun 2014/449/SSUÖ, saman í einn lagagerning.

4) Sumar þessara ráðstafana falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að framfylgja þeim, einkum til að tryggja að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.

5) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og réttur til verndar persónuupplýsingum. Beita ber ákvæðum reglugerðar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum.

6) Vald til að breyta listanum í I. og II. viðauka við reglugerð þessa ætti að vera í höndum ráðsins í ljósi þeirrar sérstöku ógnunar við frið og öryggi á alþjóðavísu á svæðinu sem ástandið í Suður-Súdan skapar og til þess að tryggja samræmi við aðferðina við að breyta og endurskoða viðaukana við ákvörðun (SSUÖ) 2015/740.

7) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að tryggja sem mesta réttarvissu innan Sambandsins skal birta nöfn og aðrar upplýsingar, sem máli skipta, um þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem nauðsynlegt er að frýsta fjármuni og efnahagslegan auð hjá samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Öll vinnsla persónuupplýsinga ætti að vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽⁴⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽⁵⁾.

8) Fella ætti úr gildi reglugerð (EB) nr. 748/2014 og láta þessa reglugerð koma í hennar stað.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir: a) „miðlunarþjónusta“:

i. að semja um eða skipuleggja viðskipti vegna kaupa, sölu eða afhendingar vara og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu frá þriðja landi til annars þriðja lands eða ii. að selja eða kaupa vörur og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu sem eru/er staðsett í þriðja landi og færa á til annars þriðja lands,

b) „krafa“: hvers kyns krafa, hvort sem henni er haldið fram í dómsmáli eða ekki, sem er gerð fyrir eða eftir þann dag þegar reglugerð þessi öðlast gildi og er samkvæmt eða tengist samningi eða viðskiptum og felur einkum í sér:

i. kröfu um efndir skuldbindinga sem leiðir af eða tengjast samningi eða viðskiptum,

ii. kröfu um framlengingu eða greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar eða skaðleysistryggingar í hvaða mynd sem er,

iii. bótakröfu í tengslum við samning eða viðskipti, iv. gagnkröfu,

v. kröfu um viðurkenningu eða fullnustu, m.a. með exequatur, dóms, úrskurðar gerðardóms eða jafngildirar ákvörðunar, óháð því hvar hann eða hún eru kveðin upp eða tekin,

c) „samningur eða viðskipti“: hvers kyns viðskipti, óháð því hvaða lög gilda um þau, hvort sem um ræðir einn eða fleiri samninga eða ámóta skuldbindingar sem sömu eða mismunandi aðilar ganga frá sín á milli; í þessu sambandi felst í hugtakinu „samningur“ skuldabréf, ábyrgð eða skaðleysistrygging, einkum fjárhagsleg trygging eða fjárhagsleg skaðleysistrygging, og lán, hvort sem þau eru lagalega óháð eður ei, einnig tengd ákvæði sem verða til vegna viðskiptanna eða í tengslum við þau,

d) „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem talin eru upp í III. viðauka,

e) „efnahagslegur auður“: eignir af hvers kyns toga, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir, en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu,

f) „frysting efnahagslegs auðs“: að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vara eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu með sölu, leigu eða veðsetningu hans,

g) „frysting fjármuna“: að koma í veg fyrir hvers konar flutning, tilfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. stýring eignasafns,

h) „fjármunir“: hvers konar fjáreignir og ágóði, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:

i. reiðufé, ávísanir, peningakröfur, vixlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,

ii. innstæður hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og skuldbindingar,

iii. verðbréf eða skuldaskjöl, sem verslað er með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óverðtryggð skuldabréf og afleiðusamningar,

iv. vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,

v. lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,

vi. kreditbréf, farmbréf, sölusamningar og

vii. skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni,

i) „tækniaðstoð“: tæknilegur stuðningur í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu og getur verið í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu verkþekkingar eða -kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu, þ.m.t. munnleg aðstoð,

j) „yfírráðasvæði Sambandsins“: þau yfírráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra.

2. gr.

Lagt er bann við því:

1) að veita tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist herstarfsemi og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vopn og tengd hergögn af hvers kyns tagi, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í þau, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Suður-Súdan, eða til notkunar í, SuðurSúdan,

2) að veita fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist herstarfsemi, þ.m.t. einkum styrkir, lán og greiðsluvátryggingar vegna útflutnings, svo og tryggingar og endurtryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings vopna og tengdra hergagna eða sem tengist því að veita tengda tækniþjónustu með beinum eða óbeinum hætti til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana í, eða til notkunar í, Suður-Súdan.

3. gr.

1. Þrátt fyrir 2. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að veitt sé fjármagn og fjárhagsaðstoð, tæknaðstoð og miðlunarþjónusta í tengslum við:

a) óbanvænan herbúnað sem einungis er ætlaður til nota í mannúðarskyni, til að hafa eftirlit með mannréttindum eða í verndarskyni eða vegna áætlana um stofnanauppbyggingu á vegum Sameinuðu þjóðanna, Afrikusambandsins, Evrópusambandsins eða Milliríkjastofnunarinnar á sviði þróunarmála,

b) hergögn sem eru ætluð til notkunar í hættustjórnunaraðgerðum Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna og Afrikusambandsins,

c) jarðsprengjuhreinsunarbúnað og hergögn til notkunar við jarðsprengjuhreinsunaraðgerðir,

d) stuðning við umbætur á sviði öryggismála í Suður-Súdan.

2. Engar heimildir skal veita fyrir starfsemi sem þegar hefur farið fram.

4. gr.

Ákvæði 2. gr. gilda ekki um hlífðarfatnað, þ.m.t. skotheld vesti og herhjálma, sem starfsfólk ESB eða aðildarríkja þess, starfsfólk SP eða Milliríkjastofnunarinnar á sviði þróunarmála eða fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfsfólk hefur flutt tímabundið út til Suður-Súdan, eingöngu til eigin nota.

5. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í I. viðauka. Í I. viðauka skulu koma fram nöfn einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana, sem nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem komið var á fót skv. 16. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2206 (2015) (hér á eftir nefnd „framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“), tilgreinir að séu ábyrgir fyrir eða eigi hlutdeild í eða hafi tekið þátt, beint eða óbeint, í aðgerðum eða stefnum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Suður-Súdan í samræmi við 6., 7., 8. og 12. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2206 (2015).

2. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í II. viðauka. Í II. viðauka skulu koma fram nöfn einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem ráðið hefur, í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2015/740/SSUÖ, tilgreint að beri ábyrgð á því að hamla pólitísku ferli í Suður-Súdan, m.a. með ofbeldi eða brotum á vopnhléssamningum, sem og aðilar sem eru ábyrgir fyrir alvarlegum mannréttindabrotum í Suður-Súdan og einstaklingar eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem tengjast þeim.

3. Engir fjármunir eða aðrar eignir skulu gerðar aðgengilegar fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem tilgreindar eru í I. og II. viðauka með beinum eða óbeinum hætti.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) viðkomandi lögbært stjórnvald hafi komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

i. nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem taldar eru upp í I. viðauka, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismedferðar, skattheimtu, vátryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

ii. einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu eða

iii. einungis ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs,

og

b) hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um niðurstöðuna, sem um getur í a-lið, og þá fyrirætlun sína að veita heimild og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, enda séu öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) viðkomandi lögbært stjórnvald hafi komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda,

b) hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um fyrrnefnda ákvörðun og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi samþykkt ákvörðunina.

8. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem taldir eru upp í II. viðauka og aðstandenda á framfæri einstaklinganna, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

b) einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðipóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,

c) einungis ætlaður til að greiða þóknanir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða

d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi kunngjört lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt skv. 1. mgr.

9. gr.

Lögbær stjórnvöld geta, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr., heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) að viðkomandi fjármunir eða efnahagslegur auður sé andlag dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsveðs sem stofnaðist fyrir samþykkt ályktunar öryggisráðs SP nr. 2206 (2015) eða dómsuppkvaðningar eða úrskurðar stjórnsýslustofnunar eða gerðardóms fyrir þann dag,

b) að fjármunirnir eða sá efnahagslegi auður er um ræðir verði eingöngu notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að eru gildar samkvæmt fyrrnefndum dómi eða úrskurði, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,

c) að veðið, dómsuppkvaðningin eða úrskurðurinn sé ekki í þágu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í I. eða II. viðauka,

d) að viðurkenning veðsins, dómsuppkvaðningarinnar eða úrskurðarins stríði ekki gegn allsherjarreglu í hlutaðeigandi aðildarríki,

e) að það aðildarríki þar sem veðið var stofnað, dómsuppkvaðningin fór fram eða úrskurðurinn var felldur hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um veðið, dómsuppkvaðninguna eða úrskurðinn.

10. gr.

1. Lögbær stjórnvöld geta, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr., heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 2. mgr. 5. gr., var færður á lista í II. viðauka, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan aðildarríkis eða ákvörðunar dómstóls sem er fullnustuhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag,

b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnd ákvörðun tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrrnefndri ákvörðun, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,

c) að ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á lista í I. og

II. viðauka,

d) að viðurkenning ákvörðunarinnar stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt skv. 1. mgr.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. og að því tilskildu að greiðsla af hálfu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráður í I. viðauka, eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi, sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun gerðu, eða samkvæmt skuldbindingu, sem honum eða henni bar að sinna, fyrir þann dag er öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi einstaklinginn, lögaðilann, rekstrareininguna eða stofnunina, geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrýstingu tiltekinna frýstra fjármuna eða efnahagslegs auðs að því tilskildu að viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi ákvarðað eftirfarandi:

a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður skuli notaður sem greiðsla af hálfu einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráður í I. viðauka,

b) að greiðslan sé ekki brot á ákvæðum 3. mgr. 5. gr.,

c) að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlun að veita heimild 10 virkum dögum fyrirfram.

12. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. og að því tilskildu að greiðsla einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráður í I. viðauka, eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi, sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun gerðu, eða samkvæmt skuldbindingu, sem honum eða henni bar að sinna fyrir þann dag er einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin hafði verið skráð í II. viðauka, geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrýstingu tiltekinna frýstra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi ákvarðað eftirfarandi:

a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé notaður sem greiðsla af hálfu einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráður í II. viðauka,

b) að greiðslan sé ekki brot á ákvæðum 3. mgr. 5. gr.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt skv. 1. mgr.

13. gr.

1. Ákvæði 3. mgr. 5. gr. koma ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir, sem taka við fjármunum sem þriðju aðilar yfirfæra inn á reikninga einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem eru á skrá, færi þá sem tekjur inn á frýsta reikninga, að því tilskildu að það viðbótarfé sem þannig er innfært sé einnig frýst. Viðkomandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbærum stjórnvöldum um þess háttar viðskipti án tafar.

2. Svo fremi að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur, séu frýstar í samræmi við 1. og 2. mgr. 5. gr., gildir 3. mgr. 5. gr. ekki um viðbót við frýsta reikninga sem felur í sér eitthvað af eftirfarandi: a) vexti eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða

b) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag, sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í 5. gr., var færður á lista í I. eða II. viðauka.

3. Að því er varðar einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir, sem skráðir eru í II. viðauka, gildir 3. mgr. 5. gr. ekki þegar viðbót við frýsta reikninga felst í greiðslum á gjalddaga samkvæmt ákvörðunum dóms, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms sem teknar eru í Evrópuambandinu eða eru fullnustuhæfar í viðkomandi aðildarríki, að því tilskildu að slíkar greiðslur séu frýstar í samræmi við 2. mgr. 5. gr.

14. gr.

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, með fyrirvara um gildandi reglur um skýrslugjöf, trúnaðarkvöð og þagnarskyldu:

a) beina, án tafar, öllum slíkum upplýsingum, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, t.d. upplýsingum um reikninga og fjárhæðir, sem eru frýstar skv. 5. gr., til lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir

eða staðsettar, og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar milliliðalaust eða fyrir atbeina aðildarríkisins og

b) vinna með viðkomandi lögbæru stjórnvaldi að því að sannreyna upplýsingarnar.

2. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum.

3. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal eingöngu nota í þeim tilgangi sem þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka í.

15. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þær ráðstafanir er um getur í 2. og 5. gr. eru sniðgengnar.

16. gr.

1. Að frysta fjármuni og efnahagslegan auð eða að synja um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, gert í góðri trú og á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, skapar þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar, eða stjórnendum hennar eða starfsmönnum, ekki ábyrgð af neinu tagi, nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

2. Aðgerðir einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana skapa þeim ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þeir eða þær vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þær aðgerðir sem settar eru fram í þessari reglugerð.

17. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum sem aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, hafa áhrif á að því er framkvæmd þeirra varðar, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysistryggingu eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, tryggingar eða skaðleysistryggingar og þá sérstaklega fjárhagslegrar tryggingar eða skaðleysistryggingar, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem skráðir eru í I. eða II. viðauka,

b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmati þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerð þessa.

18. gr.

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu upplýsa hvert annað um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta og þau búa yfir, í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar er varða:

a) frysta fjármuni skv. 5. gr. og heimildir sem veittar eru skv. 3. gr. og 6.-12. gr.,

b) brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.

19. gr.

Framkvæmdastjórnin hefur umboð til að gera breytingar á III. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

20. gr.

1. Ef öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir færir einstakling eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á lista og hefur lagt fram greinargerð um ástæður þess að viðkomandi er skráður á listann skal ráðið fella slíkan einstakling eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun inn í I. viðauka. Ráðið

2. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

3. Ákveði Sameinuðu þjóðirnar að taka aðila, rekstrareiningu eða stofnun af lista eða breyta gögnum, sem auðkenna aðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem hefur verið skráður á lista, skal ráðið gera breytingar á I. viðauka í samræmi við það.

21. gr.

Í I. viðauka skulu koma fram upplýsingar, liggi þær fyrir, sem öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir láta í té og nauðsynlegar eru til þess að bera kennsl á hlutaðeigandi einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í I. viðauka komi einnig fram hvaða dag öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi viðkomandi aðila.

22. gr.

1. Ákveði ráðið að þær aðgerðir er um getur í 2. mgr. 5. gr. skuli varða tiltekinn einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, skal það gera viðeigandi breytingar á II. viðauka.

2. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á lista, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun er um getur í 1. mgr., annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

3. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

4. Endurskoða ber listann í II. viðauka með reglulegu millibili og á 12 mánaða fresti að minnsta kosti.

23. gr.

1. Í II. viðauka skal tilgreina ástæður þess að viðkomandi einstaklingar eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir eru færðir á lista.

2. Í II. viðauka skulu vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

24. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlög sem kveðið er á um skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

25. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og tilgreina þau á vefsetrunum sem talin eru upp í III. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á vefköngum vefsetra sinna sem eru talin upp í III. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að þessi reglugerð öðlast gildi, og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

3. Sé gerð krafa, samkvæmt reglugerð þessari, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þau sem gefin eru upp í III. viðauka.

26. gr.

Reglugerð þessi gildir:

a) á yfirráðasvæði Evrópusambandsins, þ.m.t. í lofttrými þess,

b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,

c) um sérhvern einstakling innan eða utan yfirráðasvæðis Evrópusambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,

d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, innan eða utan yfirráðasvæðis Sambandsins, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,

e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Sambandsins.

27. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2015.

Fyrir hönd ráðsins,

E. Rinkēvičs *forseti*

(1) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 748/2014 frá 10. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan ([Stjtið ESB L 203, 11.7.2014, bls. 13](#)).

(2) Ákvörðun ráðsins 2014/449/SSUÖ frá 10. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan ([Stjtið. ESB L 203, 11.7.2014, bls. 100](#)).

(3) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/740 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan og niðurfellingu á ákvörðun 2014/449/SSUÖ (Stjtið. ESB L 117, 8.5.2015, bls. 52).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31](#)).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1](#)).

I. VIÐAUKI

Listi yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast til listans sem var gerður og er viðhaldið af nefndinni sem var stofnuð samkvæmt ályktun öryggisráðsins 2206 (2015) varðandi Suður-Súdan (http://www.un.org/sc/committees/2206/sanctions_list.shtml), sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

II. VIÐAUKI

Listi yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í II. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) 2015/735 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan og niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 748/2014, sem er birtur í Stjórnartíðindum ESB (<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1438358587398&uri=CELEX:32015R0735>), sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

III. VIÐAUKI

Vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld

og heimilisfang fyrir tilkynningar til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

Leiðrétting á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 2015/735

frá 7. maí 2015

um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan

og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 748/2014 (Stjórnartíðindi ESB L 117 frá 8. maí 2015)

Bls. 21, 27. gr.:

Í stað:

„27. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.“

kemur:

„27. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 748/2014 er hér með felld úr gildi.

28. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.“

FYLGISKJAL 4.
FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/1112
frá 9. júlí 2015

um framkvæmd 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2015/735 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan

Viðaukinn við reglugerð þessa kemur í stað I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/1112. Eftirfarandi nöfn eru felld úr II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/1112.

1. Santino DENG
 2. Peter GADET
- (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI
„I. VIÐAUKI

Skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr. og a-lið 1. mgr. 6. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast til listans sem var gerður og er viðhaldið af nefndinni sem var stofnuð samkvæmt ályktun öryggisráðsins 2206 (2015) varðandi Suður-Súdan (http://www.un.org/sc/committees/2206/sanctions_list.shtml), sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

FYLGISKJAL 1.2.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2018/1125

frá 10. ágúst 2018

um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2015/740 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 7. maí 2015 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2015/740 ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan.

2) Hinn 13. júlí 2018 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2428 (2018) sem leggur á vopnasölubann og þar sem tveimur aðilum er bætt á skrána yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til.

3) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2015/740 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2015/740 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„2. Enn fremur er lagt bann við því:

a) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tæknaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, þ.m.t. að útvega vopnaða málaliða, sem tengist herstarfsemi eða sem tengist þeim hlutum er um getur í 1. mgr. eða því að útvega, framleiða, viðhalda og nota slíka hluti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Suður-Súdan eða til notkunar þar í landi,

b) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð sem tengist herstarfsemi eða sem tengist þeim hlutum er um getur í 1. mgr., þ.m.t. einkum og sér í lagi styrki, lán og greiðsluvátryggingar vegna útflutnings, auk trygginga eða endurtrygginga vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings slíkra hluta eða sem tengist því að veita tengda tæknaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Suður-Súdan eða til notkunar þar í landi,

c) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þær aðgerðir sem um getur í a- eða b-lið séu sniðgengnar.“

2) Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á:

a) vopnum og tengdum hergögnum, sem og þjálfun og aðstoð, sem eingöngu eru ætluð til stuðnings eða notkunar fyrir starfsfólk SP, þ.m.t. verkefni Sameinuðu þjóðanna í Lýðveldinu Suður-Súdan (UNMISS) og bráðabirgðaöryggissveit Sameinuðu þjóðanna fyrir Abeyi (UNISFA),

b) óbanvænum herbúnaði, sem einungis er ætlaður til nota í mannúðar- eða verndarskyni og tengdri tæknaðstoð eða þjálfun, sem tilkynnt er um fyrir fram til nefndar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem komið var á fót samkvæmt ályktun 2206 (2015) („nefndin“),

c) hlífðarfatnaði, þ.m.t. skotheldum vestum og herhjálum, sem starfsfólk SP, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfsfólk hefur tímabundið flutt út til Suður-Súdan, eingöngu til eigin nota,

d) vopnum og tengdum hergögnum sem flutt eru út tímabundið til Suður-Súdan af liðsafla ríkis sem grípur til aðgerða í samræmi við reglur þjóðarréttar, eingöngu og beinlínis til þess að greiða fyrir vernd eða brottflutningi eigin ríkisborgara og þeirra sem það ber ábyrgð gagnvart í krafti ræðissambands í Suður-Súdan, og sem nefndinni hefur verið tilkynnt um,

e) vopnum og tengdum hergögnum, sem og tækniþjálfun og -aðstoð, til eða til stuðnings við svæðisbundna aðgerðasveit Afríkusambandsins (e. African Union Regional Task Force), sem einungis eru ætluð til svæðisbundinna aðgerða gegn Andspyrnuher drottins (e. Lord's Resistance Army) og sem nefndinni hefur verið tilkynnt um fyrir fram,

f) vopnum og tengdum hergögnum, sem og tækniþjálfun og -aðstoð, sem eingöngu eru ætluð til stuðnings við framkvæmd skilmála friðarsamningsins og sem nefndin hefur samþykkt fyrir fram,

g) aðra sölu eða afhendingu á vopnum og tengdum hergögnum, eða að látin sé í té aðstoð eða starfsfólk, sem nefndin hefur samþykkt fyrir fram.“

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„2. gr. a

1. Aðildarríki skulu skoða, í samstöðu við landsyfírvöld og í samræmi við landslöggjöf sína og reglur þjóðaréttar, allar farmsendingar til Suður-Súdan á yfirráðasvæðum sínum, m.a. í höfnum og á flugvöllum, búi þau yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að farmurinn innihaldi hluti sem bannað er að afhenda, selja, færa til eða flytja út samkvæmt 1. gr.

2. Finnist hlutir, sem bannað er samkvæmt 1. gr., að afhenda, selja, færa til eða flytja út, skulu aðildarríki leggja hald á þá og farga þeim (t.d. með því að eyðileggja þá, gera þá ónothæfa, geyma eða flytja til ríkis, annars en uppruna- eða ákvörðunararríkis, til förgunar).“

4) Í stað a-liðar 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„a) sem öryggisráðið eða nefndin hefur tilgreint í samræmi við 6., 7., 8. og 9. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2206 (2015) og 14. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2428 (2018), sbr. skrána í I. viðauka við ákvörðun þessa,“

5) Í stað a-liðar 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„a) aðila eða rekstrareininga sem öryggisráðið eða nefndin hefur tilgreint í samræmi við 6., 7., 8. og 12. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2206 (2015) og 14. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2428 (2018), sbr. skrána í I. viðauka við ákvörðun þessa“.

2. gr.

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2015/740 er hér með breytt eins og fram kemur í I. viðauka við ákvörðun þessa.

3. gr.

Ákvæðum II. viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2015/740 er hér með breytt eins og fram kemur í II. viðauka við ákvörðun þessa.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 10. ágúst 2018.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

G. BLÜMEL

(1) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/740 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan og niðurfellingu ákvörðunar 2014/449/SSUÖ ([Stjótd. ESB L 117, 8.5.2015, bls. 52](#)).

FYLGISKJAL 2.2.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2018/1115

frá 10. ágúst 2018

um framkvæmd 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2015/735 um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDBSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (ESB) 2015/735 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 748/2014 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 7. maí 2015 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) 2015/735.

2) Hinn 13. júlí 2018 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2428 (2018) þar sem tveimur aðilum er bætt á skrána yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til. Því ætti að bæta þessum aðilum við í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/735. Þar sem þessir aðilar voru þegar tilgreindir í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/735 ætti að fjarlægja þá úr II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/735 svo þá megi tilgreina í I. viðauka.

3) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/735 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/735 er hér með breytt eins og fram kemur í I. viðauka við reglugerð þessa.

2. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/735 er hér með breytt eins og fram kemur í II. viðauka við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. ágúst 2018.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

G. BLÜMEL

(1) [Stjóð ESB L 117, 8.5.2015, bls. 13.](#)

FYLGISKJAL 2.3.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2018/1116

frá 10. ágúst 2018

um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/735 um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/740 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan og niðurfellingu ákvörðunar 2014/449/SSUÖ (1),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð ráðsins (ESB) 2015/735 (2) koma til framkvæmda aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun (SSUÖ) 2015/740.

2) Hinn 13. júlí 2018 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2428 (2018) þar sem það lýsti þungum áhyggjum af því að leiðtogum Suður-Súdan hafi mistekist að binda enda á hernaðaráttök í landinu, fordæmdi viðvarandi og svívirðileg brot á samningnum um lausn á átökunum í Lýðveldinu Suður-Súdan frá 17. ágúst 2015, samningnum um lok hernaðaráttaka, vernd almennra borgara og mannúðaraðstoð frá 21. desember 2017 og Kartúm-yfirlýsingunni frá 27. júní 2018, og efldi frekar þær þvingunaraðgerðir gegn Suður-Súdan sem settar eru fram í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2206 (2015).

3) Öryggisráð SP breytir m.a. undanþágum frá vopnasölubanninu og tengdri tækni- og fjárhagsaðstoð og breytir viðmiðunum um tilgreiningu aðila og rekstrareininga sem sæta frýstingu eigna.

4) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/1125 (3) breytti ákvörðun (SSUÖ) 2015/740 til að koma til framkvæmda aðgerðunum sem settar eru fram í ályktun öryggisráðs SP nr. 2428 (2018).

5) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2015/735 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2015/735 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Lagt er bann við því að veita:

1) tækniðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist herstarfsemi eða því að útvega, framleiða, viðhalda og nota hvers kyns vopn og tengd hergögn, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í þau, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Suður-Súdan eða til notkunar þar í landi,

2) fjármagn eða fjárhagsaðstoð sem tengist herstarfsemi, þ.m.t., einkum styrkir, lán og greiðsluvátryggingar vegna útflutnings, svo og tryggingar og endurtryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings vopna og tengdra hergagna eða sem tengist því að veita tengda tækniðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu með beinum eða óbeinum hætti til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana í Suður-Súdan eða til notkunar þar í landi,

3) tækniðstoð, fjármagn eða fjárhagsaðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist því að útvega vopnaða málaliða í Suður-Súdan eða til notkunar þar í landi.“

2) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Bönnin sem um getur í 2. gr. skulu ekki gilda um veitingu fjármagns og fjárhagsaðstoðar, tækniðstoðar og miðlunarþjónustu í tengslum við:

a) vopn og tengd hergögn sem eingöngu eru ætluð til stuðnings eða notkunar fyrir starfsfólk SP, þ.m.t. verkefni Sameinuðu þjóðanna í Lýðveldinu Suður-Súdan (UNMISS) og bráðabirgðaöryggissveit Sameinuðu þjóðanna fyrir Abeyi (UNISFA),

b) hlífðarfatnað, þ.m.t. skotheld vesti og herhjálma, sem starfsfólk SP, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfsfólk hefur tímabundið flutt út til Suður-Súdan, eingöngu til eigin nota.“

3) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

1. Þrátt fyrir 2. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að veitt sé fjármagn og fjárhagsaðstoð, tækniðstoð og miðlunarþjónusta í tengslum við:

a) óbanvænan herbúnað sem einungis er ætlaður í mannúðar- eða verndarskyni, að því tilskildu að aðildarríkið hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir fyrir fram um það í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í 6. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2428 (2018),

b) vopn og tengd hergögn sem flutt eru út tímabundið til Suður-Súdan af liðsafla ríkis sem grípur til aðgerða í samræmi við reglur þjóðarréttar, eingöngu og beinlínis til þess að greiða fyrir vernd eða brottflutningi eigin ríkisborgara og þeirra sem það ber ábyrgð gagnvart í krafti ræðissambands í Suður-Súdan, að því tilskildu að aðildarríkið tilkynni slíkt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í 6. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2428 (2018),

c) vopn og tengd hergögn til eða til stuðnings við svæðisbundna aðgerðasveit Afríkusambandsins (e. African Union Regional Task Force), sem einungis eru ætluð til svæðisbundinna aðgerða gegn Andspyrnuher drottins (e. the Lord's Resistance Army), að því tilskildu að aðildarríkið hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir fyrir fram um það, í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í 6. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2428 (2018),

d) vopn og tengd hergögn sem eingöngu eru ætluð til stuðnings við framkvæmd skilmála friðarsamningsins, að því tilskildu að aðildarríkið hafi fengið samþykki framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir fyrir fram í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í 6. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2428 (2018),

e) aðra sölu eða afhendingu á vopnum eða hergögnum eða að látin sé í té aðstoð eða starfsfólk, að því tilskildu að aðildarríkið hafi fengið samþykki framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir fyrir fram í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í 6. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2428 (2018).

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr.“

4) Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í I. viðauka. Í I. viðauka skulu koma fram einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, sem nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem komið var á fót skv. 16. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2206 (2015) (hér á eftir nefnd „framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“), tilgreinir að séu ábyrgir fyrir eða eigi hlutdeild í eða hafi tekið þátt, beint eða óbeint, í aðgerðum eða stefnum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Suður-Súdan í samræmi við 6., 7., 8. og 12. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2206 (2015) og 14. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2428 (2018).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. ágúst 2018.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

G. BLÜMEL

(1) Stjtið. ESB L 117, 8.5.2015, bls. 52.

(2) Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/735 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 748/2014 (Stjtið. ESB L 117, 8.5.2015, bls. 13).

(3) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/1125 frá 10. ágúst 2018 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2015/740 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan (Stjtið. ESB L 204, 13.8.2018, bls. 48).

FYLGISKJAL 1.3.

Fylgiskjal 1.3.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/726

frá 31. mars 2023

um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni
að bæta við ákvæðum um undanþága af mannúðarástæðum

RÁÐ	EVROÞUSAMBANÐSINS	HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr., með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, og að teknu tilliti til eftirfarandi:		
1) Hinn 9. desember 2022 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2664 (2022) sem vísar til fyrri ályktana um að leggja á refsiaðgerðir til að bregðast við ógnum við frið og öryggi á alþjóðavettvangi og leggur áherslu á að ráðstafanir sem aðildarríki SP grípa til, í því skyni að framkvæma refsiaðgerðir, fari að skuldbindingum þeirra samkvæmt alþjóðalögum og að þeim sé ekki ætlað að hafa neikvæð mannúðaráhrif á óbreytta borgara eða á mannúðaraðstoð eða þau sem veita hana.		
2) Þar sem það lýsir sig reiðubúið til að endurskoða, leiðrétta og slíta, ef við á, refsiaðgerðum, sem taka tillit til þess hvernig aðstæður á jörðu niðri þróast og þess að nauðsynlegt er að lágmarka óráðgerð neikvæð áhrif á mannúðarmál, ákvað öryggisráð Sameinuðu þjóðanna í 1. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) að útvegum, vinnsla eða greiðsla fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megj tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks sé heimil og brjóti ekki gegn frýstingu eigna sem lögð er á af öryggisráðinu eða framkvæmdanefndum um þvingunaraðgerðir. Í þessari ákvörðun er 1. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) nefnd „undanþága af mannúðarástæðum“. Undanþága af mannúðarástæðum á við um tiltekna aðila eins og sett er fram í þeirri ályktun.		
3) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er gerð krafa um að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frýstingu eigna gildi um refsiaðgerð 1267/1989/2253 vegna Íslamska ríkisins (Da'esh) og AlQaida-samtakanna í tvö ár frá þeim degi þegar ályktun nr. 2664 (2022) var samþykkt og því lýst yfir að öryggisráðið hyggt taka ákvörðun um framlengingu á beitingu ályktunar nr. 2664 (2022) fyrir þann dag þegar beiting þeirrar undanþágu myndi að öðrum kosti falla úr gildi.		
4) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er áhersla lögð á að ef undanþága af mannúðarástæðum stangast á við fyrri ályktanir skuli hún koma í stað slíkra fyrri ályktana að því marki sem um slíkan árekstur er að ræða. Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þó skýrt að 1. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2615 (2021) gildir áfram.		
5) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þess krafist að veitendur sem reiða sig á undanþágu af mannúðarástæðum geri eðlilegar ráðstafanir til að lágmarka hvers kyns ávinning sem er bannaður samkvæmt refsiaðgerðum, hvort sem er vegna beinnar eða óbeinnar veitingar eða ólöglegar notkunar, fyrir tilgreinda einstaklinga eða rekstrareiningar, þ.m.t. með því að styrkja áætlanir og ferli veitenda vegna áhættustjórnunar og áreiðanleikakönnunar.		
6) Ráðið telur að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frýstingu eigna samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) ætti einnig að gilda í tilvikum þar sem Sambandið ákveður að samþykkja viðbótaraðgerðir varðandi frýstingu fjármuna og efnahagslegs auðs auk þeirra sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunaraðgerðir ákveða.		
7) Því er nauðsynlegt að breyta ákvörðunum ráðsins 2010/413/SSUÖ(1), 2010/788/SSUÖ(2),		

8) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda í framkvæmd tilteknum aðgerðum í ákvörðun þessari.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2015/740 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 7. gr.:

„7. Ákvæði 6. gr. skulu ekki gilda um útvegum, vinnslu eða greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,

b) alþjóðastofnana,

c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,

d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhæfir,

e) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum eða

f) annarra viðeigandi aðila eins og nefndin ákvarðar.“

2) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 8. gr.:

„6. Ákvæði 6. gr. skulu ekki gilda um útvegum, vinnslu eða greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,

b) alþjóðastofnana,

c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,

d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhæfir,

e) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum eða

f) annarra viðeigandi aðila eins og ráðið ákvarðar.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 31. mars 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. ROSWALL

- (1) Ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39).
- (2) Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsinsí Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30).
- (3) Ákvörðun ráðsins 2014/450/SSUÖ frá 10. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Súdan og niðurfellingu ákvörðunar 2011/423/SSUÖ (Stjtið. ESB L 203, 11.7.2014, bls. 106).
- (4) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/740 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan og niðurfellingu ákvörðunar 2014/449/SSUÖ (Stjtið. ESB L 117, 8.5.2015, bls. 52).
- (5) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1333 frá 31. júlí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu og niðurfellingu ákvörðunar 2011/137/SSUÖ (Stjtið. ESB L 206, 1.8.2015, bls. 34).
- (6) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/849 frá 27. maí 2016 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu og niðurfellingu ákvörðunar 2013/183/SSUÖ (Stjtið. ESB L 141, 28.5.2016, bls. 79).
- (7) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1693 frá 20. september 2016 um þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaidasamtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast og um niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2002/402/SSUÖ (Stjtið. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 25).
- (8) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1775 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí (Stjtið. ESB L 251, 29.9.2017, bls. 23).

FYLGISKJAL 2.4.**Fylgiskjal 2.4.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2023/720**

frá 31. mars 2023

um breytingu á tilteknum reglugerðum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum

RÁÐ	EVROPUSAMBANDSINS	HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr., með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,		
og	að	teknu
	tilliti	til
		eftirfarandi:
1) Evrópusambandið getur beint þvingunaraðgerðum, þ.m.t. frýstingu fjármuna og efnahagslegs auðs, gegn tilgreindum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum. Reglugerðir ráðsins koma þessum aðgerðum til framkvæmda.		
2) Hinn 9. desember 2022 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2664 (2022). Með 1. mgr. þeirrar ályktunar er innleidd undanþága frá refsiaðgerðum í formi frýstingar eigna, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunaraðgerðir beita vegna mannúðaraðstoðar og annarrar starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks,sem gildir um tiltekna aðila. Í þessari reglugerð er 1. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) nefnd „undanþága af mannúðarástæðum“.		
3) Hinn 31. mars 2023 var ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/726(1) samþykkt til að koma ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) til framkvæmda í lögum Sambandsins.		
4) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er áhersla lögð á að ef undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frýstingu eigna stangast á við fyrri ályktanir skuli hún koma í stað slíkra fyrri ályktana að því marki sem um slíkan árekstur er að ræða. Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þó skýrt að 1. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2615 (2021) gildir áfram.		
5) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þess krafist að veitendur sem reiða sig á undanþágu af mannúðarástæðum geri eðlilegar ráðstafanir til að lágmarka hvers kyns ávinning sem er bannaður samkvæmt refsiaðgerðum, hvort sem er vegna beinnar eða óbeinnar veitingar eða ólöglegrar notkunar, fyrir einstaklinga eða rekstrareiningar sem eru á skrá samkvæmt viðkomandi reglugerð, þ.m.t. með því að styrkja áætlanir og ferli veitenda vegna áhættustjórnunar og áreiðanleikakannana.		
6) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er gerð krafa um að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum		

öryggisráðið hyggist taka ákvörðun um framlengingu á beitingu ályktunar nr. 2664 (2022) fyrir þann dag þegar beiting þeirrar undanþágu myndi að öðrum kosti falla úr gildi.

7) Ráðið telur að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) ætti einnig að gilda í tilvikum þar sem Sambandið ákveður að samþykkja viðbótaraðgerðir varðandi frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs, auk þeirra sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunaraðgerðir ákveða.

8) Breytingarnar falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.

9) Því ætti að breyta reglugerðum ráðsins (EB) nr. 881/2002(2), (EB) nr. 1183/2005(3), (ESB) nr. 267/2012(4), (ESB) nr. 747/2014(5), (ESB) 2015/735(6), (ESB) 2016/1686(7), (ESB) 2016/44(8), (ESB) 2017/1509(9) og (ESB) 2017/1770(10) til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 2015/735 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 5. gr.:

„4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki um það þegar nauðsynlegir fjármunir eða efnahagslegur auður er gerður aðgengilegur til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,

b) alþjóðastofnana,

c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,

d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhæfir,

e) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum eða

f) annarra viðeigandi aðila eins og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir ákvarðar að því er varðar I. viðauka og ráðið að því er varðar II. viðauka.“

2) Í stað 15. gr. kemur eftirfarandi:

„15. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þær aðgerðir er um getur í 2. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 5. gr. eru sniðgengnar.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. ROSWALL

- (1) Stjtið. ESB L 94, 3.4.2023, bls. 48.
- (2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 881/2002 frá 27. maí 2002 sem leggur á tiltekna, sérstaka, takmarkandi ráðstafanir sem beint er að tilteknum einstaklingum og aðilum sem tengjast Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum (Stjtið. EB L 139, 29.5.2002, bls. 9).
- (3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 193, 23.7.2005, bls. 1).
- (4) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (Stjtið. ESB L 88, 24.3.2012, bls. 1).
- (5) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 747/2014 frá 10. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Súdan og niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 131/2004 og (EB) nr. 1184/2005 (Stjtið. ESB L 203, 11.7.2014, bls. 1).
- (6) Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/735 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 748/2014 (Stjtið. ESB L 117, 8.5.2015, bls. 13).
- (7) Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/1686 frá 20. september 2016 um viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og AlQaida-samtökunum og einstaklingum og lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem þeim tengjast (Stjtið. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 1).
- (8) Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/44 frá 18. janúar 2016 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 204/2011 (Stjtið. ESB L 12, 19.1.2016, bls. 1).
- (9) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1509 frá 30. ágúst 2017 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 329/2007 (Stjtið. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 1).
- (10) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1770 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí (Stjtið. ESB L 251, 29.9.2017, bls. 1).

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.